



Mánaðarskýrsla Kópavogsbæjar. Útgefin í febrúar 2013. Nær til starfsemi í janúar 2013



Fjármál

	Bókað	Áætlun	Mismunur	%
Tekjur	1.688.722.594	2.243.527.085	-554.804.491	75
Gjöld án fjármagnsliða	1.274.218.445	1.863.622.292	-589.403.847	68
	Bókað	Áætlun		
Grunnskólar	262.137.483	410.076.730	-147.939.247	64
Leikskólar	195.168.968	243.674.492	-48.505.524	80
Félagsþjónustan	165.852.479	134.857.879	30.994.600	123
Menningarmál	21.329.022	32.016.696	-10.687.674	67
Æskulýðs- og íþróttamál	66.663.453	166.882.484	-100.219.031	40
Sameiginlegur kostnaður	70.818.310	68.718.210	2.100.100	103


Fréttir




Íþróttahátíðin í Kópavogi markar iðulega upphafið að viðburðum ársins í bænum og var árið í ár engin undantekning. Þar var lýst yfir kjöri á íþróttakarli og íþróttakonu ársins 2012. Jón Margeir Sverrisson, sundmaður úr Fjölni/Ösp og Íris Mist Magnúsdóttir, fimleikakona úr Gerplu, urðu fyrir valinu að þessu sinni. Fengu þau að launum farandbikar og eignarbikar jafnframt því sem Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogs, afhenti þeim hvoru um sig 150 þúsund króna ávisun í viðurkenningarskyni frá bæjarstjórn Kópavogs. Alls voru yfir fjörutíu íþróttamenn, karlar og konur, heiðraðir á hátíðinni.

Önnur veigamikil hátíð í Kópavogi var haldin 21. janúar en það er ljóðahátíðin sem kennd er við Jón úr Vör. Um 400 ljóð bárust í ljóðsamkeppnina Ljóðstafur Jóns úr Vör og er það þriðja mesta þátttakan frá upphafi. Magnús Sigurðsson hlaut ljóðstafinn fyrir ljóð sitt Tunglsljós. Ljóðið var gefið út á póstkorti og geta áhugasamir nálgast slík kort í þjónustuveri bæjarins í Fannborginni.

Á sömu hátíð voru veitt verðlaun í ljóðsamkeppni grunnskólanna en hún var haldin í annað sinn. Tólf grunnskólabörn fengu verðlaun og þar af voru í þremur efstu sætum þau: Ester Hulda Ólafsdóttir, Hörðuvallaskóla, Lára Pálsdóttir, Lindaskóla, og Patrik Snær, Hörðuvallaskóla. Ljóðin þeirra voru einnig gefin út á póstkorti sem einnig eru aðgengileg í þjónustuveri.


Rekstur helstu málaflokka






Velferðarmál


Fjárhagsaðstoð




Húsaleigubætur









Fjöldi barnaverndartilkynninga









Félagslegar leiguíbúðir










Ýmsar mælingar



Starfsmannamál



Heildarlaun starfsmanna Kópavogsbæjar eru í milljónum króna. ML04 stendur fyrir útborguð mánaðarlaun 1. apríl. Tölur eru með launatengdum gjöldum.